Fundur í skólanefnd 20. apríl 2016

Mættir: Dröfn Viðarsdóttir, Ágústa Elín Ingþórsdóttir, Úrsúla Ásgrímsdóttir, Hjördís Garðarsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Helena Guttormsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir, Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir og Sigurgeir Sveinsson

Fundarefni:
starfsmannamál
skólanámskrá
gjaldskrá
önnur mál

Starfsmannamál:
Skólameistari fór yfir ráðningamál fyrir haustönn 2016.
Þorsteinn Þorsteinn sagði að rekstur skólans væri góður. Hann fór yfir þörf á endurnýjun búnaðar og fl. Þorsteinn fór yfir vanda skólans vegna langtíma veikinda starfsmanna. Fundurinn ræddi um að fara þurfi varlega í málefnum starfsmanna. Þorsteinn lagði til að skólanefnd fylgdist með.
Þorsteinn ræddi málefni starfsbrautar. Hann sagði frá miklum kostnaði við starfsbraut FVA. Þorsteinn lagði til að starfsbrautir annarra skóla verði skoðaðar.

Skólanámskrá:
Aðstoðarskólameistari fór yfir breytingar á skólanámskrá fyrir næstu útgáfu í sumar 2016. Rætt var um hvort það ætti að vera kafli í skólanámskrá um rétt nemanda til að fá vinnufrið í kennslustund. Skólameistari sagði frá starfinu í gæðaráði. Rætt um stórt L og lítið l vegna íþróttakeppni og æfinga. Rætt um hvort foreldri geti tilkynnt læknisheimsóknar og frí fyrir börn undir 18 ára aldri. Skólanefndin mælir með að settar verði siðareglur fyrir skólann.

Gjaldskrá:
Ný gjaldskrá lögð fram. Ný gjaldskrá samþykkt.
Skólameistari ræddi leigu á sal skólans. Tillögur að nýjum reglum sendar skólanefndar til umsagnar.

Önnur mál:
Fundarmenn lýstu ánægu með facebook síður bæði skólans og starfsbrautar. Rætt um gott gengi nemenda á ýmsum vettvangi. Skólanefnd óskar nemendum til hamingju og þakkar þeim fyrir að vera flottir fulltrúir skólans. Rætt um Tæknimessuna sem gekk vel. Sagt frá sumarleigu heimavistar.
Rætt um stofnun hollvinasamtaka og verkefni sem skólanefnd getur tekið að sér.